

**Gæðaviðmið fyrir mál og læsi í leikskóla
Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar
Skýjaborg
2019**

Efnisyfirlit

<i>Spurningar sem gott er að spyrja sig við skipulagningu og mat</i>	3
<i>Á leið til læsis</i>	4
<i>Viðmiðunaráldur 1–2 ára.....</i>	5
<i>Viðmiðunaráldur 2–3 ára.....</i>	6
<i>Viðmiðunaráldur 3–4 ára.....</i>	7
<i>Viðmiðunaráldur 4–5 ára.....</i>	9
<i>Viðmiðunaráldur 5–6 ára.....</i>	11

Spurningar sem gott er að spyrja sig við skipulagningu og mat

- **Fer fram nám sem leggur öflugan grunn að þróun bernskulæsis í leikskólanum?**
 - Bernskulæsi (emergent literacy) – er ákveðin færni, þekking og viðhorf barna í mál og læsi í víðum skilningi og þróast sem undanfari læsis / lestrar. Það vísar til lestrarhegðunar barna á leikskólaaldri áður en formleg kennsla hefst. Hugmyndin felst í að ung börn byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn. Megin áhrifavaldar eru forvitni barns, samskipti og reynsla af ritmáli. Þau afla sér bakgrunnsþekkingar um læsi án þess þó að geta beitt hefðbundinni lestrartækni og geta lesið.
- **Er barnið í brennidepli og unnið út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði?**
 - Er skipulagið hugsað út frá þörfum barnahópsins hverju sinni – tekið mið af þeim þroska sem hvert barn býr yfir, reynslu þess og áhuga?
- **Er markvisst unnið að því að vekja áhuga barna á máli og litið á tungumálið sem skapandi efnivið?**
- **Er lögð áhersla á fjölbreytta vinnu með alla þætti máls?**
 - Mál, hlustun, orðaforði, máltjáning, málskilningur, söngur, trall, babl, markviss málörvun, efling hljóðkerfisvitundar.
- **Hafa börn gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efniviði, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkunnáttu í máli og læsi?**
- **Eru lesnar barnabækur um fjölbreytt efni til yndis og ánægju og til að efla mál og læsi?**
 - Er starfsfólk meðvitað um mikilvægi ritmáls fyrir mál- og lestrarþroska barna? Eru bækur notaðar á markvissan hátt til að auka orðaforða, vekja athygli á uppbyggingu ævintýra og sagna, er lesið með innlifun og af áhuga fyrir börnin? Er efniviður bóka nýttur til frekari samræðna eða rannsókna?
- **Er lesið daglega fyrir börnin í stærri og minni hópum og fyrir eitt barn þegar því verður við komið eða þörf krefur?**
- **Er litið á söngva, vísur og þulur sem mikilvægan efnivið í leikskólastarfi, meðal annars með tilliti til málörvunar og læsis?**
- **Eru sögur og kveðskapur uppspretta sköpunar í leik sem eflir mál og læsi?**
 - Er ritmál og söngur/vísur meðvitað notaðar til að dýpka þekkingu og færni barna?
- **Er markvisst unnið að því að kenna íslensku sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítyngdra barna í leikskólastarfinu?**
 - *Ath að vinna þarf móttökuáætlun / málörvunaráætlun vegna tvítyngdra barna.*
- **Er fylgst með framförum barna í málþroska og læsi?**
 - (ferilmöppur, skráningar, íhlutun, orðaskil, hljóm-2, ísl þroskalistinn, smábarnalistinn, mat á tvítyngi, TRAS og MIO).
- **Er mat á framförum nýtt til skipulagningar starfsins?**
- **Er snemmtækri íhlutun beitt og leitað eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska?**
- **Eru foreldrar virkjaðir í samstarf um mál og læsi barna sinna og upplýstir um framfarir þeirra?**

Á leið til læsis

Barnið:

- Segir sögur og les / skoðar bækur
 - Sýnir áhuga á og / eða leikur sér með orð / orðatiltæki
 - Hefur áhuga á og / eða leikur sér með hrynjanda í tali
 - Segir frá persónulegri skoðun eða reynslu
 - Sýnir áhuga á eða skilur og notar ný hugtök
 - Sýnir áhuga á eða syngur lög og rímur
 - Setur fram spurningar eða röksemdir
 - Gerir sér grein fyrir merkjum og táknum
 - Tengir lógó / mynd við merkingu
 - Vísar til hluta í umhverfinu
 - Setur orð á athafnir
 - Hlustar og tekur virkan þátt í sögustundum
 - Umorðar og veltir sögu fyrir sér
 - Fylgist með sögum sem önnur börn segja
 - Hefur áhuga á bókum, „les“ bækur
 - Er forvitið um orð og bókstafi
 - Þekkir rétta lesátt
 - Þekkir bókstafinn sinn - fjölskyldumeðlima
-
- Skrifar / leik skrifar / barna skrift
 - Krotar í skriftarstíl
 - Skrifar algeng orð
 - Notar tölvutæk kennslugögn sem snúa að tungumáli og táknum – tölvuleiki tengda læsi
 - Skrifar á teikningar
 - Skrifar bókstafi / orð / setningar
 - Skiptir orðum í atkvæði
 - Skrifar með og á ólíkan efnivið
 - Teiknar sögur
-
- Tekur þátt í hlutverkaleik
 - Ýkir / leikur með sögu
 - Semur um hlutverk fyrir hlutverkaleik
 - Semur sögu / leik með leikföngum og öðrum efnivið
 - „leik skrifar“ í leik
 - „leik les“ í leik
 - Semur um og /eða þróar ramma leiksins
 - Býr til tákni og efnivið sem nota á í leiknum

Viðmiðunaráldur 1–2 ára

<i>Bernskulæsi</i>	Barnið getur haldið á skriffæri.	
	Barnið gerir einstaka strik/krot á blað.	
	Barnið sýnir bókum áhuga.	
<i>Málþroski</i>	Barnið ber alla sérhljóða rétt fram.	
	Barnið notar um það bil 50 orð.	Hægt að skoða með orðaforðaprófi.
	Meirihluti orða sem barnið notar eru nafnorð.	
	Barnið notar nokkrar sagnir.	
	Barnið notar tveggja orða setningar til að tjá sig.	
	Barnið bregst við einföldum fyrirmælum með því að ná í hluti sem það þekkir.	
	Barnið segir nafnið sitt.	Æfa t.d. í söng, hafa myndir sýnilegar.

Viðmiðunarludur 2–3 ára

<i>Bernskulæsi</i>	Barnið veit að bækur eru ætlaðar til lestrar.	
	Barnið á sér uppáaldssögur og bækur.	
	Barnið hefur gaman af að lesið sé fyrir það.	Leita eftir áhuga barna.
	Barnið beinir sjónum sínum að myndum í bókum og segir hvað er á myndunum.	
	Barnið heldur rétt á bók.	
	Barnið flettir bók rétt.	
	Barnið krotar tilviljanakennt og merkingarlaust.	
	Barnið skoðar krot eftir sjálft sig.	
<i>Málþroski</i>	Barnið notar fleirtölumyndir orða.	
	Barnið talar um sjálft sig í 1. persónu „ég“.	
	Barnið spyr spurninga.	
	Barnið tekur þátt í stuttum samræðum.	
	Barnið notar fleiri en 100 orð.	Hægt að skoða með orðaforðaprófi.
	Barnið tjáir sig í 3-4 orða setningum.	
	Barnið kynnir sig með nafni.	

Viðmiðunaráldur 3–4 ára

<i>Bernskulæsi</i>	Barnið þekkir hugtökin efst og neðst á blaðsíðu.	
	Barnið þekkir muninn á myndum og lettri.	
	Barnið sýnir rituðu máli í umhverfi sínu áhuga.	Letur og tákni.
	Barnið þykist lesa.	
	Barnið þekkir bókstafi í nafninu/gælunafninu sínu.	
	Barnið þekkir hljóð í nafninu/gælunafninu sínu.	
	Barnið kann nokkrar þulur og söngva.	
	Barnið teiknar hringi, línur og bylgjur til að líkja eftir ritmáli.	
	Barnið greinir á milli mismunandi tákna sem það skrifar.	
<i>Málþroski</i>	Barnið notar persónufornöfnin við og þau.	
	Barnið notar fjögurra til fimm orða setningar.	
	Barnið notar forsetningarnar undir, ofan á og bak við.	Æfa í leik.
	Barnið notar persónufornöfnin hann, hún og það yfirleitt rétt.	
	Barnið skilur talnahugtökin einn, tveir og þrír.	MIO.
	Barnið kann litina; gulur, rauður, grænn og blár.	
	Barnið notar lýsingarorð.	
	Barnið notar þátíð.	
	Barnið notar samsettar setningar með orðinu og.	Hlusta eftir í frásögnum.

	Barnið segir nöfn foreldra sinna og systkina.	
	Barnið biður um útskýringar í samræðum.	Athuga hvort barn skilur það sem sagt var.
	Barnið skilur skyldleikahugtök eins og amma, frændi, systir.	
	Barnið bregst við flóknum fyrirmælum.	Getur fylgt tvöföldum skilaboðum.

Viðmiðunaráldur 4–5 ára

<i>Bernskulæsi</i>	Barnið veit hvað forsíða og baksíða bókar er.	
	Barnið veit að myndir í bókum tengjast innihaldi textans.	Tengja markvisst saman í lestri.
	Barnið veit hvar á blaðsíðu á að byrja að lesa.	Nota fingur til að sýna hvar lesið er.
	Barnið veit hvað höfundur er.	
	Barnið þekkir nafnið sitt þegar það sér það skrifað.	Hafa sýnilegt í umhverfinu.
	Barnið þekkir bókstafi í nöfnum foreldra sinna og systkina.	Hafa stafi sýnilega í augnhæð barna.
	Barnið þekkir hljóð stafa í nöfnum foreldra sinna.	
	Barnið veit fyrir hvað hugtakið bókstafur stendur.	
	Barnið veit að prentað letur hefur merkingu og tilgang.	
	Barnið notar myndir í bókum til að segja sögu.	
	Barnið þekkir lestraráttina.	Nota fingur til að sýna.
	Barnið greinir á milli þess að teikna og skrifa.	
	Barnið segir hvað tákn / ritun í umhverfinu merkir.	
<i>Málþroski</i>	Barnið notar fimm til átta orða setningar.	

	Barnið getur sagt frá því sem það hefur upplifað.	
	Barnið spyr óbeinna spurninga.	Notar hvernig, hvaða, hvers vegna...

Viðmiðunaráldur 5–6 ára

<i>Bernskulæsi</i>	Barnið veit hvað titill bókar er.	
	Barnið veit hvað höfundur og myndskreytir er.	Veit að það er ekki alltaf sama manneskjan.
	Barnið veit hvað þýðandi er.	Tengja við önnur tungumál.
	Barnið veit að lestur byrjar efst á blaðsíðu.	Sýna með fingri.
	Barnið „leikles“ - segir sögu með myndunum.	
	Barnið skrifar einstaka orð.	
	Barnið kann að skrifa nafnið sitt.	Hafa nöfn barna sýnileg í umhverfinu.
	Barnið skrifar bókstafi sem það þekkir.	
<i>Málþroski</i>	Barnið notar flóknar setningar.	
	Barnið getur sagt sögu sem röð atburða.	Notar tengiorð s.s. og, síðan, þá og til.